



Atvinnuveganefnd Alþingis

*Sent með tölvupósti.*  
Reykjavík, 2. mars 2021

**Efni: Tillaga til þingsályktunar um birtingu upplýsinga um opinbera styrki og aðrar greiðslur í landbúnaði (228. mál).**

*Tilv. 202103-0001*

Vísað er til tölvupósts frá nefndasviði Alþingis, dags. 15. febrúar 2021, þar sem óskað var umsagnar Bændasamtaka Íslands um tillögu til þingsályktunar um birtingu upplýsinga um opinbera styrki og aðrar greiðslur í landbúnaði, 228. mál. Bændasamtökin hafa farið yfir efni tillögunnar og gera eftirfarandi athugasemdir.

Tillagan er endurflutt nær óbreytt frá 150. lögjafarþingi, (741. mál). Í greinargerð kemur fram að markmiðið með tillögunni er að tryggja gagnsæi í veitingu almannaþjóf til framleiðenda á sviði landbúnaðar þar sem erfitt hafi reynst fyrir hagsmunaaðila og almenning að nálgast slíkar upplýsingar. Vísa flutningsmenn tillögunnar til ákvæðis 13. gr. upplýsingalaga nr. 140/2012 og úrskurðar úrskurðarnefndar upplýsingamála nr. 876/2020.

Bændasamtökin eru hlynnt gagnsæi í meðferð opinbers þjóf og greiðara aðgengi almennings að upplýsingum sem falla með skýrum hætti innan gildissviðs upplýsingalaga. Búvörusamningar og heildargreiðslur samkvæmt þeim á búgreinar eru opinber gögn sem allir geta nálgast og kynnt sér. Málið virðist því snúast um að almenningur geti kynnt sér upplýsingar um greiðslur til hvers bús og á hvaða grundvelli þær eru veittar. Samkvæmt orðalagi tillögunnar yrði ráðherra falið að birta upplýsingar fyrir hvert ár um fjárhæð styrkja, grundvöll þeirra og nafn og búsetu styrkþega.


Ekki liggur fyrir greining á því hversu margir hafi sóst eftir umræddum upplýsingum og hversu margar beiðnir hafi verið samþykktar eða þeim synjað. Nefndur úrskurður í máli nr. 876/2020 varðaði vissulega greiðslur til lögbýla og fjárhagsmálefni þeirra sem þáðu greiðslur vegna sauðfjárræktar á árunum 2015-2016, og voru upplýsingarnar ekki taldar geta gefið slíka innsýn í fjármál þeirra sem stóðu í búrekstri umrætt tímabil. Þá var beiðnin um aðgang að umræddum upplýsingum ekki talin varða viðkvæma framleiðslu- eða viðskiptahagsmuni framleiðenda sauðþjóf út frá samkeppnissjónarmiðum. Hins vegar tekur úrskurðurinn ekki á álitamálum sem geta komið upp í ólíkum málum og geta varðað fámennari búgreinar, t.a.m. svínabændur og kjúklingabændur þar sem um viðkvæmar upplýsingar er um að ræða út frá samkeppnisstöðu svo og aðra mikilvæga viðskiptahagsmuni. Ekki sé því með öllu svo einfalt að heimila óheftan aðgang almennings að þessum upplýsingum þar sem við hvert mat þurfi að veita saman hagsmuni viðkomandi lögaðila af því að upplýsingum sé haldið leyndum gagnvart þeim mikilvægu hagsmunum að upplýsingar um ráðstöfun opinberra hagsmuna séu aðgengilegir almenningi.

Líkt og að framan er rakið er óljóst hver þörf eða eftirspurn eftir upplýsingunum er raunverulega og í hvaða tilfellum slíkar upplýsingar eiga ekki erindi við almenning skv. upplýsingalögum.



Samandregið telja Bændasamtökin að ekki hafi verið sýnt fram á með fullnægjandi hætti hver sé raunveruleg þörf á að upplýsingarnar séu gerðar opinberar að frumkvæði stjórnvalda. Ekki hafi heldur verið gerð greining á því hvort og þá hvaða upplýsingar um opinberar greiðslur samkvæmt búvörusamningum falli undan undanþáguákvæði 9. gr. upplýsingalaga. Þá áréttu Bændasamtökin að sé vilji stjórnvalda til þess að veita aðgang að þeim upplýsingum sem þingsályktunartillagan nær til, er rétt að leita álits samkeppnisyfirvalda áður en lengra er haldið.

Virðingarfyllst  
f.h. Bændasamtaka Íslands



Guðrún Vaka Steingrimsdóttir